

Nd.

**202. Frumvarp til laga**

[160. mál]

um virkjun fallvatna í Þingeyjarsýslum.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Ingvar Gíslason, Stefán Valgeirsson.

**1. gr.**

Eftir gildistöku þessara laga er óheimilt að gera stíflu í Laxá hjá Brúum í Suður-Þingeyjarsýslu nema að fengnu samþykki Náttúruverndarráðs, enda hafi áður farið fram rannsókn sú, sem gert er ráð fyrir í bréfi iðnaðarráðherra, dags. 13. maí 1970, til Laxárvirkjunar, sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu, Félags landeigenda á Laxársvæðinu og nokkurra hreppsnefnda í Suður-Þingeyjarsýslu. Komi til stíflugerðar, skal stífluhæðin við það miðuð, að vatnsborðshækkun árinna vegna stíflunnar verði ekki svo mikil, að land við Birningsstaðflóa fari undir vatn af þeim ástæðum. Virkjun skal þannig framkvæmd, að hún hindri ekki laxrækt ofan virkjunar.

## 2. gr.

Nú hefur Laxárvirkjun fyrir 1. des. 1970 látið gera mannvirki eða aflað sér vélbúnaðar eða efnis til virkjunar, sem ætla má, að ekki komi að gagni án hærri stíflu en gert er ráð fyrir í 1. gr., og bætir rikissjóður þá eftir mati dómkvaddra manna tjón það, er Laxárvirkjun kann að hafa orðið fyrir af þeim ástæðum.

## 3. gr.

Ríkisstjórnin hlutast til um, að veiðimálastjóri láti fara fram og hraða rannsókn á möguleikum til að koma upp laxveiði í efri hluta Laxár. Fall á þessum hluta árinna er óheimilt að virkja.

## 4. gr.

Ríkisstjórnin lætur nú þegar hefja endurskoðun fyrirbyggjandi áætlunar um virkjun Jökulsár á Fjöllum við Dettifoss og rannsókn möguleika til að virkja Skjálfandafljót við Íshólsvatn. Skal sú endurskoðun og rannsókn, sem hér er mælt fyrir um, sitja fyrir öðrum meiri háttar rannsóknum á fallvötnum landsins.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Með lögum nr. 60 1965, um Laxárvirkjun, var ráðherra heimilað að veita sam eignarfyrirtækinu Laxárvirkjun leyfi til að reisa allt að 12 þús. kw. raforkuver í Laxá við Brúar í Suður-Þingeyjarsýslu til viðbótar þeirri virkjun, sem fyrir er við Brúar. Hinn 23. sept. 1969 veitti þáverandi ráðherra raforkumála Laxárvirkjun leyfi til að reisa fyrsta áfanga svonefndrar Gljúfurversvirkjunar í Laxá „með um 7 þús. kw. afli í samræmi við fyrrgreinda áætlun“, þ. e. áætlun þá, er fyrir lá um Gljúfurversvirkjun. Í áætlun þeirri var gert ráð fyrir samtals nál. 55 þús. kw. virkjun í 4 áföngum, auk svonefndrar Suðurarveitu, sem átti að vera í því fólgin að flytja nánar tiltekið magn af vatni, sem nú fellur í Skjálfandafljót, yfir í Kráká í Mývatnssveit og þar með í Laxá. Í leyfisbréfi ráðherra segir enn fremur: „Telji stjórn Laxárvirkjunar hagsmunum virkjunarinnar betur borgið með því að leggja í þann aukakostnað við fyrsta áfanga, sem með þarf til að búa undir stærri virkjun, og taka þá áhættu, sem því er samfara, þá hefur ráðuneytið út af fyrir sig ekkert við það að athuga. Hins vegar skal það tekið fram, að engin fyrirheit eru gefin um leyfi til stærri virkjunar en framangreind lög gera ráð fyrir“, þ. e. lög nr. 60 1965.

Framkvæmd 1. áfanga Gljúfurversvirkjunar hófst á s. l. sumri, og hefur þegar verið stofnað til nokkurs „aukakostnað“, sem að því getur miðað „að búa undir stærri virkjun“ en þá, sem leyfð hefur verið og heimiluð í lögum.

8. maí 1969 voru með öllum atkvæðum sýslunefndarmanna í Suður-Þingeyjarsýslu samþykkt andmæli gegn áætlaðri Gljúfurversvirkjun og andmælin rökstudd. Í ályktuninni er jafnframt vakin athygli á því, að sýslunefndin telji „héraðinu hagnkvæmt, að raforkuframleiðsla verði aukin með viðbótarmannvirkjum þar (þ. e. við Laxá), þótt hún hafi í för með sér hækkun vatns í Laxá ofan virkjunarinnar, allt að 18 metrum“.

Með bréfi 10. ágúst 1969 var bréflega tilkynnt ályktun aðalfundar Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga, samþykkt með 20 samhljóða atkvæðum, þar sem einnig komu fram andmæli gegn áætlaðri Gljúfurversvirkjun. Síðan segir svo í ályktuninni: „Þess vegna skorar fundurinn á stjórn Laxárvirkjunar, raforkumálastjórn ríkisins og raforkumálaráðherra að miða fyrirhugaðar framkvæmdir í Laxá í mesta lagi við 18—20 m vatnshækkun við efri stíflu í Laxárgljúfri, frá því sem nú er, og óbreytt vatnsrennsli, enda verði gengið frá nauðsynlegum samningum við héraðsbúa, áður en framkvæmdir hefjast“.

„Héraðsnefnd Þingeyinga“, sem kosin var á fundi, er sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu boðaði til á Húsavík, tók til starfa um þetta leyti eða litlu síðar. Hafði hún allt fram á vor 1970 forustu um andmælin gegn hinni fyrirhuguðu Gljúfurversvirkjun. Birtust um málið greinargerðir frá héraðsnefndinni og stjórn Laxárvirkjunar, og var þetta mál mikið rætt á ýmsum vettvangi, sem kunnugt er. Alþingismenn úr Norðurlandskjördæmi eystra höfðu haustið 1969 forgöngu um, að aðilar tækju upp viðræður sín á milli með samkomulag fyrir augum. Snemma vors 1970 ræddust þessir aðilar við í Reykjavík, og jafnframt ræddu þeir við þann ráðherra, sem þá hafði tekið við stjórn raforkunála. Að þeim viðræðum loknum ritaði ráðherra stjórn Laxárvirkjunar, héraðsnefndinni, sýslunefnd Suður-Þingeyinga, hreppsnefndum á Laxár- og Mývatnssvæðinu og þá nýstofnuðu félagi landeigenda bréf um málið 13. maí s. l. Um þetta leyti virðist héraðsnefndin hafa hætt störfum, en stjórn landeigendafélagsins hefur síðan komið fram fyrir hönd landeigendanna og haldið uppi af þeirra hálfu andmælun, sem hér verður ekki nánar greint frá.

Í ráðherrabréfinu 13. maí kemur fram, að ráðherra hefur skilið viðræður þær, er fram fóru milli hans, héraðsnefndarinnar og stjórnar Laxárvirkjunar, svo, að tekizt hefði að koma á „viðunandi samkomulagi“ um lausn málsins, en að öðru leyti er í bréfinu eins konar stefnumörkun af hálfu ráðuneytisins í málinu, þó að sumt, sem þar kemur fram, sé túlkunarefni. Lýst er yfir því, að samkomulag sé um það milli ráðuneytisins og Laxárvirkjunar, að „horfið sé frá áformum um Suðurrárrveitu“ og „hönnun fyrirtækisins endurskoðuð þar af leiðandi“. Ráðuneytið gerir það að skilyrði fyrir leyfi til framkvæmda umfram 1. áfanga (þ. e. stíflugerðir o. fl.), að „fullnægjandi sérfræðilegar rannsóknir á vatnasvæði Laxár“ fari fram. Jafnframt gefur ráðuneytið í skyn, að ekki muni verða leyfð meiri virkjun en 15 þús. kw., með 18–20 m hárrí stíflu. Loks lýsir ráðuneytið yfir því, að það muni „beita sér fyrir, að hraðað verði eftir föngum rannsókn annarra virkjunarmöguleika, sem völ væri á til að fullnægja raforkuþörf hlutaðeigandi héraða, svo sem virkjun Skjálfandafljóts við Íshólsvatn, en jafnframt haldið áfram að rannsaka stærri virkjunarmöguleika með hliðsjón af stóriðju fyrir norðan, svo sem Dettifossvirkjun og samtengingu við aðrar orkuveitur“.

Þetta mun mega telja meginatriði ráðherrabréfsins 13. maí. En ekki varð sá árangur af bréfi þessu, að deilur féllu niður í virkjunarmálinu. Um það leyti, sem framkvæmd var að hefjast við Laxá, var þess af hálfu landeigenda krafizt fyrir dómi, að lögbann yrði lagt við framkvæmdum. Lögbannsbeiðni var synjað af settum setudómara, og var þá hafið annað mál á hendur Laxárvirkjun fyrir meintu ólöglega framkvæmd. Málafæri þessi standa enn yfir, en auk þess hafa andmæli gegn virkjunarframkvæmdunum komið fram á annan hátt, sem kunnugt er. Hefur deilan farið harðnandi, og verður ekki betur séð en að um óviðunandi ástand sé nú að ræða í þessu máli. Seint í ágústmánuði s. l. fól ráðherra tveim embættismönnum á Norðurlandi að gera tilraun til að koma á samkomulagi milli stjórnar Laxárvirkjunar og stjórnar landeigendafélagsins, en sú tilraun virðist ekki hafa borið þann árangur, sem til var stofnað, og ekki heldur sáttafundur sá, er ráðherra boðaði til og haldinn var í Reykjavík 23. og 24. nóv. s. l.

Það er ekki rétt, sem stundum er orðað svo, að baráttan standi milli Akureyringa og Þingeyinga í þessu máli. Hinir formlegu aðilar málsins eru nú annars vegar sameignarfélagið Laxárvirkjun, sem framleiðir raforku, og hins vegar félag landeigenda við Laxá og Mývatn, eftir að héraðsnefndin hætti störfum. En margir aðrir hafa lýst yfir afstöðu sinni til deilunnar, sem kunnugt er, og fer því fjarri, að þar sé eingöngu um Akureyringa eða Þingeyinga að ræða. Miklu meira ber þó á andmælum gegn virkjuninni en meðmælum, og koma þar náttúruverndarsjónarmið mjög til greina.

Hér er ekki ástæða til að rekja rök þau, er fram hafa komið með og móti Gljúfurversvirkjun. En hvað sem þeim rökum líður, getur að vandlega athuguðu máli ekki talizt fært að halda áfram virkjun Laxár gegn vilja þeirra, sem eiga ána

eða land að Mývatni og hafa stofnað með sér allsherjarsamtök til að koma fram fyrir sína hönd, — og án samkomulags við þá. En brýna nauðsyn ber til að leysa til frambúðar orkuvandamál þeirra 2 kaupstaða og 3 sýslufélaga, sem hér eiga hlut að máli, og fyrst um sinn, á meðan unnið er að því að ákveða annað norðlenzkt fallvatn til virkjunar og virkja það, er æskilegt, að nokkur viðbótarvirkjun í Laxá geti átt sér stað, og ástæða til að ætla, að landeigendur virði þá nauðsyn sína og annarra. Þar sem samkomulag hefur ekki náðst með viðræðum deiluaðila, virðist nú eðlilegt, að Alþingi beiti sér fyrir lagasetningu, sem verða mætti lausn þessa máls. Til þess eru gild rök, að Alþingi láti málið til sín taka. Í fyrsta lagi er ríkið aðili að sameignarfyrirtækinu Laxárvirkjun og 2 af 5 stjórnarmönnum þar skipaðir af ríkisvaldinu. Í öðru lagi fá rafveitur ríkisins á austanverðu Norðurlandi orku frá Laxárvirkjun og íbúar á hlutaðeigandi orkuveitusvæði eiga kröfu á, að ríkið leysi orkuvandamál þeirra á einhvern hátt. Í þriðja lagi er hér um að ræða, a. m. k. að verulegu leyti, náttúruverndarmál, en slíkt mál lætur löggjöfin nú til sín taka í vaxandi mæli.

Sá virkjunaráfangi, sem nú er unnið að við Laxá, er rennslisvirkjun án stíflu-gerðar. Andstaða gegn rennslisvirkjun án stíflu kom ekki fram í sambandi við þetta mál í öndverðu. En við þessa rennslisvirkjun hefur, eins og fyrr var sagt, verið stofnað til nokkurra aukaframkvæmda, sem miða að meiri virkjun síðar eða jafnvel að fullri virkjun samkvæmt fyrrnefndri Gljúfurversáætlun. Þrátt fyrir ráðherra-bréfið 13. maí telja landeigendur sig ekki geta treyst því, að numið verði staðar, t. d. eftir að vatnsborð árinna hefði verið hækkað um 18—20 m, sem af ýmsum hefur verið talið líklegt til samkomulags, því að þá yrði viðbótarkostnaðurinn nú til einskis gagns. Hér virðist lagasetning þurfa að koma til. Við slíka lagasetningu verður að hafa í huga þá möguleika, sem á því eru að koma laxi upp fyrir Laxárgljúfur, og að þeir möguleikar verði ekki rýrðir, heldur eflidir samhliða virkjunarframkvæmdum. Enn fremur verður með slíkri lagasetningu að hefjast handa um framtíðarlausn raforkumála, sbr. ráðherra-bréfið 13. maí. Skal nú nánar vikið að einstökum greinum frv.

#### Um 1. gr.

Með þessari grein er það lagt undir úrskurð Náttúruverndarráðs, hvort gera skuli stíflu í Laxá, en þó sett hámark á stífluhæðina, ef til kæmi, í samræmi við ráðherra-bréfið og með hliðsjón af samþykktum í héraði um þetta mál. Yrði uppistaðan í mynna Laxárdals þá ekki nema hluti af því, sem fyrirhugað var. Í sambandi við frv. það, er flutt var á síðasta þingi, um takmarkaða náttúruvernd á vatnasvæði Laxár og Mývatns kom það fram, að andmælendur hinnar fyrirhuguðu Gljúfurversvirkjunar treystu dómi Náttúruverndarráðs í þessu máli. Er gert ráð fyrir því, að áður en Náttúruverndarráð kveður upp úrskurð á sínum tíma, liggja fyrir hin líffræðilega rannsókn, sem gert er ráð fyrir á vatnasvæði Laxár og Mývatns. Eins og kunnugt er, var frv. um takmarkaða náttúruvernd á vatnasvæði Laxár og Mývatns flutt af menntamálanefnd Nd., en kom aldrei til umræðu á þinginu. Fjallaði það um ýmislegt annað en virkjun Laxár, og gátu sum ákvæði þess, sem ekki vörðuðu virkjunarmálið, orkað tvímælis, eins og eðlilegt var um frumsmíð lagasetningar á þessu sviði

#### Um 2. gr.

Ef nú er ákveðið, að stífla í Laxá við Brúar megi ekki verða hærri en 18—20 m, eða jafnvel engin stífla, ef úrskurður félli á þá leið á sínum tíma, má gera ráð fyrir, að hluti af þeim framkvæmdum, sem þegar hafa átt sér stað eða búið er að semja um, verði til einskis gagns, og þykir rétt, að ríkissjóður bæti Laxárvirkjun eftir mati tjón vegna aukakostnaðar í þessu sambandi, þó með nánar tilgreindum takmörkum. Verður þá að hafa í huga, að Orkustofnunin, sem er ríkisfyrirtæki, lagði samþykki sitt á áætlunina um Gljúfurversvirkjun með hárrí stíflu og Suðurárveitu og átti með skipun og álitserð Laxárnefndar og á annan hátt án efa mikinn þátt

í ákvörðun stjórnar Laxárvirkjunar á sínum tíma. Í leyfisbréfi þáv. raforkumálaráðherra 23. sept. 1969 var það líka berum orðum fram tekið, að ráðuneytið hefði „ekkert við það að athuga“, að lagt yrði í aukakostnað við 1. áfanga til að undirbúa „stærri virkjun“. Eðlilegt var, að stjórn Laxárvirkjunar legði ákveðinn skilning í þessi ummæli ráðherraleyfisins. Af þessum ástæðum og fleiri verður ekki hjá því komizt að viðurkenna ábyrgð ríkisvaldsins í þessu máli.

#### Um 3. gr.

Frá sjónarmiði landeigenda er það mjög mikilsvert, að öll Laxá geti orðið laxveiðiá, og óttast menn, að stífla í ánni o. fl. geti gert það örðugra en ella að koma þessu í kring. Greinin fjallar um þetta mál, og er í því sambandi tekið fram, að óheimilt sé að stofna til sérstakrar virkjunar á þessum hluta árinna, enda mundi slík virkjun hindra þau fiskræktar- og laxveiðiáform, sem uppi eru, auk þess sem þar væri um að ræða auðsæ spjöll á ánni og hinu fagra umhverfi hennar. Hjá Orkustofnuninni hafa verið uppi ráðagerðir um slíka virkjun. En á vegum Laxárvirkjunar hefur sú virkjun ekki verið á dagskrá, svo að kunnugt sé.

#### Um 4. gr.

Raforkuvandamál Norðlendinga í þeim 3 sýslum og 2 kaupstöðum, sem nú eru á orkuveitusvæði Laxár (Norður-Þingeyjarsýsla meðtalin, af því að þar er verið að leggja háspennulínu til tengingar við Laxárvirkjun), verður að leysa. Minni háttar viðbótarvirkjun í Laxá getur í bili bætt úr þeim tilfinnanlega rafmagnsskort, sem nú er á austanverðu Norðurlandi og verður tilfinnanlegri með hverju ári, sem liður án athafna. En ef Gljúfurversvirkjun verður ekki stærri en hér er gert ráð fyrir, verður þegar í stað að hefjast handa um undirbúning frambúðarráðstafana á þessu sviði, og á því svæði norðanlands, sem hér er um að ræða, er vissulega enginn skortur á virkjunarhæfum fallvötnum, þó að Laxá verði látin að mestu ónotuð í þessu skyni vegna sérstöðu hennar. Snemma á þeim áratug, sem nú er að líða, og raunar að nokkru leyti fyrir þann tíma var gerð ýtarleg athugun á möguleikum til stórvirkjunar í Jökulsá á Fjöllum við Dettifoss. Að þeirri athugun lokinni gerði verkfræðifirma í New York með aðstoð Orkustofnunarinnar áætlun um fyrirkomulag Dettifossvirkjunar og kostnað við hana, svo og um háspennulínu þaðan vestur í Eyjafjarðarsýslu, ásamt áætlun um söluverð orku frá Dettifossi. Verðlag er nú breytt frá því, sem þá var, og ástæða getur verið til viðbótarannsóknna til þess m. a. að leiða í ljós, hvort ekki sé kostur á hagkvæmari og þar með ódýrari virkjunarleið við Dettifoss en þá var gert ráð fyrir. Nú á síðari árum hafa verið uppi raddir um virkjun Skjálfandafljóts við Íshólsvatns, en virkjunarmöguleikar þar, sem án efa eru miklir, eru enn lítt rannsakaðir. Greinin fjallar um það, að ríkisstjórninni verði falið að láta nú þegar hefja endurskoðun þá á Dettifossáætlun og rannsókn á Skjálfandafljóti, sem hér hefur verið vikið að, og að endurskoðun þessi og rannsókn sitji fyrir öðrum meiri háttar rannsóknum á fallvötnum landsins. En því aðeins, að þessi undirbúningur sitji í fyrirrúmi, verða raforkuvandamál Norðlendinga leyst í tæka tíð, svo að viðhlítandi sé. Efni þessarar greinar er í samræmi við margnefnt ráðherrafrétt frá 13. maí. Skylt er að geta þess, sem áður er fram komið, að í því bréfi er einnig gert ráð fyrir athugun á möguleikum til þess, að málið verði leyst „með samtengingu við aðrar orkuveitur“, og mun þar átt við ca. 200 km háspennulínu norður yfir miðhálandi landsins frá Búrfellsvirkjun. Þó að sá möguleiki hafi komið til orða, munu flm. þessa frv. ekki að svo stöddu gera tillögu um það efni.

Þetta frv., ef að lögum verður, á að geta komið því til leiðar, að Laxárvirkjunardeilan leysist þannig, að allir megi við una, þegar hliðsjón er höfð af þróun málsins og meðferð hingað til.